



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2025

LISA3NÚ05

Kennari	Sólveig Sveinbjörnsdóttir solveig.sveinbjornsdottir@fss.is	
iðtalstím	Miðvikudagar 9:20-10:00 í vinnurými kennara.	
Námsefni	Ljósrit frá kennara, gögn af neti, bókasafn skólans. www.inna.is – námsumhverfi skólans	
Áfangalýsing	Í áfanganum er fjallað um listasögu vesturlanda frá abstrakt-expressjónisma til dagsins í dag og forsendur sjónlista kannaðar. Horft verður til helstu liststefna, -strauma og -hreyfinga sem mótað hafa tímabilið og hafa að mörgu leyti kollvarpað fyrri hugmyndum okkar um eðli og hlutverk listarinnar. Fjallað verður um ýmsar byltingarkenndar hugmyndir sem fram hafa komið um listina, jafnt sem tilkomu nýrra miðla og aðferða, allt frá umhverfislist, innsetningum og gjörningum, til ljósmyndunar, videólistar og margmiðlunar, auk þess að skoða áhrif þeirra á þróun hefðbundnari miðla. Rýnt verður í fjölpætt efnistök, tækni og aðferðir samtímamyndlistar, þar sem verk einstaka listamanna verða sett í samhengi við þær menningar-, heimspekilegu- og sögulegu forsendur er liggja þeim til grundvallar.	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Til að ljúka áfanganum skal nemandi hafa náð fram eftirfarandi markmiðum: Ná annareinkunn að lágmarki 4,5.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Tímaverkefni og kaflapróf	60%
	Annarpróf	30%
	Skissubók	10%
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.	
Annað sem kennari vill láta koma fram	Í áfanganum verður notuð skissubók sem nemandi þarf að kaupa.	

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • helstu stílbrigðum og hreyfingum sjónlista frá abstrakt-expressjónisma til dagsins í dag • hvernig samfélagsgerð og tíðarandi hefur áhrif á hugmyndir, viðfangsefni og vinnuaðferðir myndlistarmanna • verkum leiðandi myndlistamanna á tímabilinu og hugmyndum þeirra • þeim fjölbreytileika í listsköpun sem einkennir tímabilið • nýjum miðlum sem listamenn nota • tengslum heimspeki og myndlistar	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • vinna á skapandi hátt í einstaklings- og hópverkefnum áfangans og sýna frumkvæði • taka þátt í samræðum í kennslustundum • greina, túlka og setja í sögulegt samhengi verk og hugmyndir listamanna samtímans • lesa myndmál samtímalistarinnar og njóta verka samtímalistamanna
Hæfni Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • taka þátt í gagnrýninni og greinandi umræðu um samtímalist með vísun í hugmyndir, kenningar, hugtök og verk listamanna tímabilsins • miðla hugmyndum samtímalistamanna á fræðilegan og listrænan hátt • ígrunda og rökstyðja mál sitt • greina, tjá sig um og meta eigin verkefni og annarra af þekkingu, víðsýni og umburðarlyndi • vinna að eigin verkum með tilfinningu og virðingu fyrir sögulegu samhengi • afla sér þekkingar og heimilda um viðfangsefni sín eftir margvíslegum leiðum • setja fram og kynna niðurstöður sínar á fjölbreyttan, skilmerkilegan, áhugaverðan og gagnrýnninn hátt	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst	64 klst
Heimavinna	16 vikur *4 tímar x 20 mín	21 klst
Undirbúningur f. próf	3 x 4 klst	12 klst
Verkefnavinna	15 klst	15 klst
Alls		112 klst = 5 feín*

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19. – 22. ágúst	Kynning á áfanga. Abstrakt-expressónismi	Verkefnavinna
2. vika 25. – 29. ágúst	Abstakt-expressónismi	Verkefnavinna, skissubók
3. vika 1. – 5. september	Neo-Dada	Verkefnavinna, skissubók
4. vika 8. – 12. september	Op-list	Verkefnavinna, skissubók Annarpróf I
5. vika 15. - 19. september	Popplis	Verkefnavinna, skissubók
6. vika 22. - 26. september	Popplis	Verkefnavinna, kynningar
7. vika 29. sept. - 3. október	Hugmyndalist	Verkefnavinna, skissubók Annarpróf II
8. vika 6. - 10. október	Gjörningar	Verkefnavinna, skissubók
9. vika 13. - 17. október <i>Námsmatsdagur 16. okt. Vetrarleyfi 17. okt.</i>	Naumhyggja (mínímalismi)	Verkefnavinna, skissubók
10. vika 20. - 24. október <i>Vetrarleyfi 20. okt.</i>	Naumhyggja (mínímalismi)	Annarpróf III
11. vika 27- 31. október	Umhverfisverk	Verkefnavinna, skissubók
12. vika 3. - 7. nóvember	Femíniskar listakonur	Verkefnavinna, skissubók
13. vika 10. - 14. nóvember	Ljósmyndin sem list	Verkefnavinna, skissubók
14. vika 17. - 21. nóvember	Myndbandslist	Annarpróf VI
15. vika 24. - 28. nóvember <i>Dimissio 28. nóv.</i>	Samanburður á listastefnum	Verkefnavinna
16. vika 1. - 8. desember <i>Stoðdagur mánudaginn 8. des.</i>	Samanburður á listastefnum	Verkefnavinna Samantekt

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Sólveig Sveinbjörnsdóttir

Fjölbrautaskóli Suðurnesja